

Efni: Nessel í Seljadal (Þormóðsdalsland - heiðarland, L220111): Leyfi til fornleifarannsókna

Til bæjarráðs Mosfellsbæjar,

Um umsækjanda

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun sem rekin er án gróðamarkmiða. Hún hefur starfað frá 1994 og er stærsta rannsóknarstofnun í fornleifafræði hér á landi. Allt frá upphafi hefur Fornleifastofnun lagt mikla áherslu á fornleifaskráningu og vettvangsrannsóknir á minjastöðum t.d. með því að sinna smærri og stærri fornleifauppgreiftrum víða um land. Stofnunin hefur því á undanförunum árum verið í fararbroddi í söfnun upplýsinga um fornleifar sem og í þróun aðferðafræði á þessu sviði. Stofnunin hefur lagt áherslu í starfi sínu á miðlun og útgáfu og hefur aðstoðað við sýningarhald, gefið út bæklinga og bækur, ritrýndar greinar, þróað kynningu á vettvangi með skiltum og starfsmenn hennar hafa að auki haldið gríðarmarga fyrirlestra og haldið kynningar, bæði á formi leiðsagnar og gönguferða og hjá ýmsum áhugasamtökum.

Almennar upplýsingar

Fornleifastofnun Íslands ses sækir hér með um leyfi til þess að stunda fornleifarannsókn við Nessel í Seljadal (Þormóðsdalsland heiðarland, L220111). Rannsóknin er hluti af þriggja ára þverfaglegri rannsókn um seljabúskap á Íslandi 800-1800 sem er styrkt af Rannís. Hægt er að lesa nánar um rannsóknina á heimasíðu Rannís:

https://sjodir.rannis.is/gagnatorg/app_details.php?id=8883&fund=13&cid=2168

Fyrirhugað er að taka 1-2 skurði í seltóftina í Nesseli. Skurðirnir eru yfirleitt 1 x 2-3 m að stærð. Að auki verða teknir borkjarnar í seltóftina (um 3 sm í þvermál og sjaldnast meira en 1 m á dýpt).

Gengið verður frá svæðinu eftir að rannsókn lýkur, fyllt upp í skurði og tyrft yfir með þeim jarðvegi sem tekin var ofan af skurðinum í upphafi rannsókna. Miðað er við að skila svæðinu í sama ástandi og komið var að því.

Tímarammi

Við munum grafa í nokkur sel á tveggja vikna tímabili í sumar: Frá 26. júní til 7. júlí 2023. Einhvers staðar á þessu tímabili er áætlað að grafa í Nessel. Fornleifastofnun getur látið bæjarráð, eða byggingafulltrúa, vita þegar nær dregur hvenær nákvæmlega við mundum vera á staðnum ef óskað er eftir því. Viðvera okkar á sjálfu selinu mundi síðan aðeins vera 1-2 dagar. Það gæti verið liðið einhverjir dagar frá því að við tökum skurðinn og hann verður fylltur aftur en það verður þó eigi síðar en 07. júlí.2023

Almennar upplýsingar um Nessel

Sel eru yfirleitt staðsett upp á heiðum. Þetta eru nokkurs konar sumarhús þar sem fólk fyrr á öldum fór með mjólkandi skepnur yfir sumartíma til þess að nýta engjar og beitiland uppi á fjöllum og hlífa heimatúnum.

Á heimasíðu Ferlis er lýsing á Nesseli og grófur uppdráttur af rústunum. Samkvæmt uppdrætti er þar að finna eina þrískipta tóft og aðra óljósari en á milli þeirra rennur lækur. Svæðinu er lýst svo: „Upp

30.03.2023

Fornleifastofnun Íslands ses
Bræðraborgarstíg 9, 101 Reykjavík

úr dalnum að norðanverðu gengur grösugur dalur. Framarlega í honum var komið að steinsteyptri stíflu í vænlegum læk. Gengið var upp dalinn til norðnorðausturs, þvert á lækinn. Reyndar kemur lítill lækur ofan úr dalnum og sameinast þeim, sem fyrr var nefndur. Efst í grónum dal undir grónum grasbrekkum er Nessel, rétt merkt á hið gamla kort, sem haft var meðferðis. Selið er í skjóli fyrir flestum áttum, enda hreyfðist ekki strá við það. Tóftin er þrjú rými, mjög greinileg. Lækur rennur sunnan við hana, en handan lækisins virðist vera eldri tóft. “Lesu má nánar um Nessel hér <https://ferlir.is/nessel-3/>.”

Við vonumst eftir því að rannsóknirnar í sumar geti varpað ljósi á hvenær Seltirningar (Nessel er talið hafa tilheyrt Nes á Seltjarnarnesi) fóru fyrst að halda sel á þessum stað og hvenær það féll úr notkun. Með þeim hætti ætti vonandi að bætast við fróðleiksmoli í sögu svæðisins.

Virðingarfyllt,
Elín Hreiðarsdóttir og Gylfi Helgason, f.h. Fornleifastofnunar Íslands ses